

VIII. KAFLI
Gildistaka.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 13. gr. lögregluglaga, nr. 90 13. júní 1996, öðlast gildi 1. júlí 1997. Frá sama tíma falla úr gildi ákvæði um lögregluskilríki, liður 3.2, í 3. kafla reglugerðar nr. 118 9. febrúar 1990, um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna.

Lögregluskilríki sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku þessarar reglugerðar falla jafnframt út gildi og skulu lögreglustjórar í hverju umdæmi, sjá um að þau verði innkölluð.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Simon Sigvaldason.

23. apríl 1997

Nr. 283

REGLUGERÐ
um héraðslögreglumenn.

I. KAFLI

Hlutverk og starfssvið.

1. gr.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæslustörfum, þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum undir stjórn lögreglumanna.

2. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að ráða allt að 8 héraðslögreglumenn til starfa í umdæmi sínu, að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra.

3. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að kalla héraðslögreglumenn til aðstoðarstarfa þegar vinnuálag er mest, til viðbótar þeim lögreglumönnum sem heimild er fyrir í hverju umdæmi. Héraðslögreglumönnum er ekki ætlað að leysa af lögreglumenn vegna aðstæðna sem taldar eru í 4. mgr. 28. gr. lögregluglaga.

II. KAFLI

Ráðning og starfskjör.

4. gr.

Umsókn um starf héraðslögreglumanns skal leggja fram á umsóknareyðublaði um lögreglustarf, og skila þá jafnframt fullnægjandi vottorðum í samræmi við 5. gr.

5. gr.

Héraðslögreglumenn skulu fullnægja þessum skilyrðum:

- a. vera á aldrinum 20-35 ára við fyrstu ráðningu,
- b. vera íslenskir ríkisborgarar, og hafa ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum,
- c. vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast lækni skoðun trúnaðarlæknis,
- d. hafa lokið a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri, hafa gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli auk ensku eða þýsku, hafa almenn okuréttindi til aksturs bifreiðar og vera syndir.

6. gr.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við héraðslögreglumenn með 3 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Við ráðningu skulu héraðslögreglumenn vinna heit skv. 29. gr. lögreglulaga.

7. gr.

Fyrir þá kvöð, sem hvílir á héraðslögreglumönnum, að þurfa ávallt að vera reiðubúnir að sinna verkefnum, skulu þeir fá sérstaka þóknun sem skal ráðast af þeim kjarasamningi sem í gildi er á hverjum tíma milli Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Að auki skulu þeir fá greitt fyrir unnar vinnustundir samkvæmt sama kjarasamningi.

8. gr.

Héraðslögreglumanni skal afhentur einkennisfatnaður og annar nauðsynlegur búnaður, þegar skriflegur ráðningarsamningur er gerður. Um einkennisföt, klæðaburð og búnað héraðslögreglumanns gilda ákvæði reglugerðar um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna.

9. gr.

Námskeið fyrir héraðslögreglumenn skulu haldin á vegum Lögregluskóla ríkisins og er héraðslögreglumönnum skylt að sækja slík námskeið eftir ákvörðun lögreglustjóra.

Skólanefnd lögregluskólans ákveður hvenær og hversu oft slík námskeið eru haldin og hvaða námsgreinar skulu kenndar.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur.

10. gr.

Héraðslögreglumenn njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og fastráðnir lögreglumenn á meðan þeir eru að störfum. Héraðslögreglumenn fara með lögregluvald þegar þeir eru að störfum.

IV. KAFLI

Gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 3. mgr. 10. gr. lögreglulaga, nr. 90 13. júní 1996, öðlast gildi 1. júlí 1997. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um héraðslögreglumenn og aðra afleysingamenn í lögreglustarfi, nr. 284 29. maí 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Simon Sigvaldason.